

# Íþróttabandalag Hafnarfjarðar

16. fundur stjórnar starfstímabilið 2015-2017  
Haldinn 25. apríl 2017 hjá Skógræktarfélagi Hafnarfjarðar.

**Mættir:** Elísabet Ólafsdóttir framkv.stj., Hrafnkell Marinósson formaður, Sigurjón Andersen (KK), Bergsteinn Hjörleifsson (Keilir), Ingvar Kristinsson (Björk), Ragnar Hilmarsson (Þytur), Karl Georg Klein (SH), Atli Már Sigurðsson (DÍH), Ólafur Ragnarsson (Fjörður), Skúli Ragnarsson (AÍH), Viðar Halldórsson (FH), Erla Björg Hafsteinsdóttir (BH), Þórunn Ansnes (Sörli) og Magnús Gunnarsson (Haukar). Forföll: Þórarinn Sófússon (GSE) og Anders Már Þráinsson (SÍH).

## Dagskrá:

### 1. Almenningsíþróttaverkefnið Hjólað í vinnuna

Vakin athygli á verkefninu sem fer fram dagana 3. – 23. maí nk. og félögin hvött til að kynna sér það. Allar nánari upplýsingar um verkefnið eru á heimasíðu þess <http://www.hjoladivinnuna.is>.

### 2. UMFÍ aðild íþróttabandalaga

ÍBH og önnur íþróttabandalög sem sóttu um aðild að UMFÍ hafa verið boðuð á fund hjá UMFÍ fimmtudaginn 27. apríl nk. þar sem kynna á álit vinnuhóps á vegum UMFÍ um aðildarumsókn íþróttabandalaga. Álitið verður síðan til umfjöllunar á þingi UMFÍ í haust.

### 3. Frestun á starfsskýrsluskilum til ÍSÍ

Skilafresturinn var lengdur um einn mánuð þ.e. til 15. maí nk. Þau félög sem hafa ekki skilað inn skýrslunum í Felixkerfi ÍSÍ eru hvött til að gera það sem fyrst. Verkefnisstjóri Felix hjá ÍSÍ er Elías Atlason netfang hans er [elias@isi.is](mailto:elias@isi.is).

### 4. Jafn réttur barna til þátttöku í íþrótt- og tómstundastarfi

Lagt fram til kynningar. Kostnaður barna í íþróttum og viðbótarkostnaður ræddur. Vakin athygli á sjóð hjá Hafnarfjarðarbæ fyrir börn af erlendum uppruna sem aðildarfélögin geta sótt um í og reglum um sjóð hjá Hafnarfjarðarbæ sem verið er að klára þar sem aðildarfélögin geta sótt um styrk vegna kostnaðar stuðningsfulltrúa fyrir fötluð börn í íþróttafélögum. Forsvarsmenn íþróttafélaga verða að reyna að fara með önnur tilvik sem koma upp í félögunum og falla ekki undir áður nefnda sjóði til félagsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar.

### 5. Nýjar reglur um frístundastyrk frá Hafnarfjarðarbæ tóku gildi 1. janúar sl.

Lagt fram til kynningar.

### 6. Nýr formaður í Hnefaleikafélagi Hafnarfjarðar

Jelena Kospenda og er hún boðin velkomin til starfa.

### 7. Samningur Rio Tinto – ÍBH – Hafnarfjarðarbær um stuðning við íþróttastarfið fyrir 16 ára og yngri.

Staðan á samningarviðræðum kynnt fyrir fundarmönnum.

### 8. Tímaúthlutun 2017 – 2018

Tímaúthlutunarnefnd er búin að funda og samþykkti að gera samkomulag um úthlutunina.

### 9. Gögn sem ÍBH hafa borist:

a). Bréf frá Hafnarfjarðarbæ þar sem ÍBH er boðið að taka þátt í vinnustofu um heilsueflandi samfélag 26. apríl nk.

- b). Bréf frá Golfklúbbum Keili um boð á 50 ára afmælishátíð félagsins 6. maí nk.
- c). Bréf frá Korfuknattleikssambandi Íslands um korfuknattleiksþing 22. apríl nk. í Reykjavík.
- d). Bréf frá Handknattleikssambandi Íslands um handknattleiksþing 22. apríl nk. í Reykjavík.
- e). Bréf frá Dansíþróttasambandi Íslands um dansþing 18. maí nk. í Reykjavík.
- f). Bréf frá Skotíþróttasambandi Íslands um skotþing 20. maí nk. í Reykjavík.
- g). Bréf frá Fimleikasambandi Íslands um fimleikaþing 29. apríl nk. á Akureyri.

## **10. Önnur mál**

Engin.

Fleira ekki gert.

Fundur hófst kl. 18.45 og lauk kl. 19.20.

Fundarritari Elísabet Ólafsdóttir.